

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XXXIV. árgangur.

1953.

Mánudaginn 12. janúar 1953.

Nr. 176/1952. **Ákærvaldið** (Ragnar Ólafsson)
gegn

Einari Kárasyni (Egill Sigurgeirsson).

Dómendur:

Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson,
Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Þórður
Eyjólfsson og próf. Ólafur Lárusson.

Bifreiðaslys. Brot gegn 219. gr. hegningarlaga, bifreiðalögum
og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa verið háð framhalds-
próf í málinu.

Samkvæmt ástæðum þeim, er greinir í héraðsdómi, ber að
staðfesta ákvæði hans um sýknu af ákæru um brot á 2. mgr.
26. gr. laga nr. 23/1941. Árekstur sá, sem í málinu getur, varð
innan marka Árnassýslu, og ber því að sýkna ákærða af ákæru
um brot á lögreglusamþykkt Gullbringusýslu.

Af stöðu bifreiðanna eftir áreksturinn, glerbrotum úr bif-
reiðunum og öðrum verksummerkjum þykir mega ráða, að
ákærði hafi, er áreksturinn varð, að minnsta kosti að nokkru
ekið á hægri vegarhelmingi. Hefur ákærði því gerzt brotlegur
við 6. gr. laga nr. 24/1941. Með skírskotun til raka héraðs-
dóms hefur ákærði einnig brotið önnur þau ákvæði hegning-
arlaga, bifreiðalaga og umferðarlaga, sem til er vitnað.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 2000 kr. sekt í
ríkissjóð, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún

greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá þykir og rétt að svipta ákærða ökuleyfi 6 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað, svo og dæma ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, þar á meðal málflutningslauna til sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð :

Ákærði, Einar Kárason, greiði 2000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi 6 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Ólafssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 25. sept. 1952.

Árið 1952, fimmtudaginn 25. september, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, fulltrúa sakadómará, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2818/1952: Ákærvaldið gegn Einari Kárasyni, sem dómtekið var 18. september s.l.

Málið er höfðað gegn Einari Kárasyni bílstjóra til heimilis á Njálsgötu 80, hér í bæ. Er hann samkvæmt ákærskjali, dagsettu 21. júlí s.l., ákærður fyrir að hafa sunnudaginn 20. apríl s.l. milli kl. 18 og 19 ekið bifreiðinni R 4175 eftir Suðurlandsvegi í Svínahrauni áleiðis til Reykjavíkur með óhæfilegum hraða og ógætilega, svo að af hlaut árekstur milli nefndrar bifreiðar og bifreiðarinnar X 575, er var á austurleið, með þeim afleiðingum, að farþegi í X 575 fótbrotnaði á vinstra fæti og hlaut stórt og djúpt sár á enni, en bifreiðarstjórinn Gunnar Vigfússon skrifstofustjóri, Árvegi 6 á Selfossi, hlaut mikið höfuðhögg, rotaðist og fékk heilahristing, og farþegi í R 4175 handleggsbrotnaði á hægri upphandlegg, hlaut auk þess nokkrar skrámur í andlit og úr tönn kvarnaðist.

Brot ákærða eru talin varða við 219. gr. laga nr. 19/1940, 1., 2., 4. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 23/1941,

2. gr., 3. mgr. 4. gr. og 6. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 24/1941 og 16. gr., sbr. 44. gr. lögreglusamþykktar fyrir Gullbringusýslu nr. 160/1943.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar bifreiðastjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 39. gr. laga nr. 23/1941 og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 18. marz 1914 í Glúmsstaðaseli í Fljótsdalshreppi. Hefur hann, svo kunnugt sé, sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1949 7/10 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ökuhraða.

1950 17/12 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1950 14/7 Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 7. gr. umferðarlaga.

1951 30/1 Dómur: 200 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum og umferðarlögum.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 20. apríl s.l., um kl. 18.20, varð árekstur á Suðurlandsvegi í Svinahrauni milli bifreiðanna X 575 og R 4175. Billinn X 575 er sendiferðabíll af Tatragerð, en R 4175 er 6 manna leigubíll af Dodgegerð. X 575 ók Gunnar Vigfússon skrifstofustjóri, Árvegi 6, Selfossi. Stýrið á X 575 er vinstra megin. Í framsæti við hægri hlið Gunnars sat kona hans, Oddbjörg Sæmundsdóttir að nafni. Ekki voru fleiri í X 575.

R 4175 ók ákærði. Stýrið í hans bifreið er hægra megin. Í bifreiðinni voru 3 farþegar. Tveir sátu í aftursæti og einn í framsæti, stúlka að nafni Vera Jóhanna Kreutzfeldt.

Fólk þetta var farþegar gegn borgun.

Veðri var þannig farið, að þurrt var og bjart og sólskin. Vegurinn hið næsta við árekstrarstaðinn liggur nokkurn veginn í austur og vestur. Þar sem áreksturinn varð, hallar veginum svolítið til vesturs, og rétt austan árekstrarstaðarins er bæði svolítil hæð og beygja á veginum. Vegurinn er þarna allur mjög vel breiður og eiga bílar að geta mætt mjög auðveldlega.

Ákærði var á leið til Reykjavíkur og ók því í vesturátt, en Gunnar Vigfússon var á leið heim til sín og ók því í austurátt.

Gunnar hefur skýrt frá því, að hann hafi ekið á rólegri ferð fyrir áreksturinn eða á um 30 km hraða. Mikil umferð var á veginum á móti honum, og ók hann því alltaf vel á sínum vinstri vegarhelmingi, einnig þegar áreksturinn varð. Vegna beygjunnar og hæðarinnar á veginum, sem áður hefur verið skýrt frá, sá Gunnar ekki til ferða R 4175, þar til mjög skammt var á milli bifreiðanna. Virtist Gunnari ákærði vera blindaður af sólinni, sem skein beint á framrúður R 4175. Var R 4175 ekið geysi hratt. R 4175 var mjög innarlega á veginum og frekar á sínum hægra vegarhelmingi. Gunnar var svo utarlega á sínum vinstra vegarhelmingi, að hann treysti sér ekki til að vikja betur, enda skipti það svo að segja engum togum, að bifreiðarnar rákust á. Ekki man Gunnar, hvort honum hafi unnizt tími til að hemla eða ekki, því að atburðina næst eftir áreksturinn man Gunnar ekki, því að hann rotaðist. Gunnar meiddist talsvert og kona hans enn meir, og verður síðar gerð nánari grein fyrir meiðslum þeirra.

Kona Gunnars hefur mjög á sama veg skýrt frá aðdragandanum að slysi þessu og Gunnar, svo að óþarft er að rekja framburð hennar nánar.

Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi ekið á 40 km hraða á að gizka, þegar áreksturinn varð og telur sig ekki hafa verið blindaðan af sól. Vegna hæðarbungunnar á veginum sá hann ekki til ferðar X 575 fyrr en stutt var á milli bílanna. Ákærða var það vel ljóst, að vegurinn var þarna fullkomlega nægilega breiður, til að bílarnir gætu mætt þarna hindrunarlaust. Honum virtist bíll sinn vera það vel á vinstra vegarhelmingi, að engin hætta yrði á árekstri. Það kom því ákærða mjög á óvart, að árekstur varð, svo að hann fékk ekkert aðgert, og stöðvaðist bíllinn við áreksturinn, án þess að ákærði beitti hemlum. Hann telur, að X 575 hafi kastast eitthvað aftur á bak og til hliðar við áreksturinn. Ákærði var ekki að flýta sér. Hann ók frá Skíðaskálanum á 50 til 60 km hraða að jafnaði og fullyrðir, að hann hafi aldrei farið upp fyrir 60 km hraða. Ákærði var vel fyrirkallaður og hafði athygli óskipta við aksturinn. Frá Kolviðarhóli að slysstað ók ákærði fram úr 2—4 bifreiðum.

Vera Jóhanna Kreutzfeldt, sem áður er nefnd, slasaðist mikið við áreksturinn, og verður síðar gerð nánari grein fyrir meiðslum hennar. Aðrir í R 4175 slösuðust ekki.

Farþegarnir í R 4175 segja ákærða alls ekki hafa ekið hratt, þegar áreksturinn varð, eða á um 40 km hraða. Vera Jóhanna Kreutzfeldt varð þess ekki vör, að sólin blindaði, þótt hún horfði í gegnum framrúðuna. Ekki geta farþegar sagt neitt ákveðið um, hvar bílarnir voru á veginum, þegar áreksturinn varð.

Aðrir en þeir, sem nú hafa verið nefndir, eru ekki til frásagnar um áreksturinn sjálfan.

Þrjú menn, sem leiddir hafa verið sem vitni í málinu, hafa skýrt frá því, að skömmu fyrir áreksturinn hafi þeir verið á leið til Reykjavíkur í bílum sínum og hafi ákærði ekið fram úr þeim öllum á miklum hraða. Tveir þeirra segjast hafa ekið með 50 til 60 km hraða, þegar ákærði ók fram úr þeim, og einn segist hafa ekið á 45 km hraða á að gizka. Ákærði hvarf mönnum þessum mjög fljótt, eftir að hann hafði ekið fram úr þeim. Nánar geta menn þessir ekki sagt um hraða R 4175. Ekki háði sólskinið mönnum þessum við aksturinn.

Sjúkrabifreið og menn frá rannsóknar- og götulögreglu komu á staðinn. Höfðu þá bílarnir verið látnir standa óhreyfðir, nema hvað R 4175 hafði verið borinn svolítið til hægri að aftan, til að liðka til fyrir umferðina. Eftir áreksturinn var staða bílanna þannig, að X 575 var utan vegarins að norðanverðu, hékk þar utan í vegkantinum. R 4175 var nokkuð þvers um á veginum með hægra framhjól um 1 m frá nyrðri vegarbrún. Fjarlægðin á milli bílanna var um 1 meter, og var R 4175 svo til öll austan X 575. Á árekstrarstaðnum voru engin för eftir hjól bílanna, er gætu gefið upplýsingar um, hvar og hvernig bílunum hefði verið ekið fyrir slysið, en glerbrot úr ljóskerum bílanna fundust á nyrðri helmingi vegarins og mest í norðurbrún hans. Frá hægra afturhjól X 575 lá far út í veginn

talsvert meira áfram heldur en þvert út í veginn. Var far þetta 130 cm langt.

Oddbjörg Sæmundsdóttir meiddist mjög mikið, og segir svo um meiðsli hennar í vottorði Friðriks Einarssonar lækni, dags. 22. apríl s.l.

„20. apríl 1952, laust eftir kl. 20, var komið með Oddbjörgu Sæmundsdóttur, sem sögð er fædd 23.5.1902, vera gift skrifstofustjóra og eiga heima á Selfossi, á handlæknisdeild Landspítalans. Að sögn hafði sjúklingurinn slasast uppi í Svínahrauni, er tveir bílar óku saman.

Sjúklingurinn er við komu töluvert sjokkeruð og titrar mikið. Hún kvartar um mikla verki, einkum í vinstra fæti, en einnig í höfði.

Við athugun finnst *opið beinbrot á vinstra fótlegg* nokkru neðar við miðjan legginn, og er sárið 2 cm langt, framan og innanfótar á leggnum. Rennur þar út blóð og fituvökvi, en beinendarnir eru rétt innan undir húðinni.

Ennfremur finnst *stórt og djúpt sár á enni*. Nær það frá hársrótum niður að augabrún, gengur alveg inn að beini, og beinhimnan er skafin laus frá beininu á 2x3 cm stóru svæði.

Sjúklingurinn var svæfður og sárin skorin hrein og saumuð saman. Þá var beinbrotið lagfært, lagður stálþráður gegnum hælbeinið og hengt við 4 kg þungi (extension), til þess að halda brotinu í skorðum, og loks lagðar gibsumbúðir á fót og legg.

Sjúklingurinn liggur á deildinni.“

Oddbjörg kom fyrir dóm 23. maí s.l. og var þá enn rúmliggjandi á Landspítalanum og bjóst við að þurfa að liggja þar í 2 mánuði enn.

Meiðsli Gunnars Vigfússonar urðu þau, sem segir í vottorði Odds læknis Ólafssonar, dags. 24. maí s.l.

„Hinn 21. apríl 1952 skoðaði ég hr. Gunnar Vigfússon, f. 13. okt. 1902, til heimilis að Árvegi 6, Selfossi. Sjúklingur hafði þann 20. apríl 1952 lent í bílslysi, og var þá fluttur á handlækningadeild Landspítalans, þar sem gert hafði verið að sárum hans til bráðabirgða. Sjúklingur hafði greinileg einkenni þess, að hann hefði fengið heilahristing, mun hafa misst meðvitund, hafði þungan höfuðverk „diffust“ um allt höfuðið, svima og ógleði. Á miðju enni var ca tveggja króna stórt marið sár, annað sár ca einseyringsstórt yfir hægri augabrún. Hruflaður og marinn á hægri gagnauga. Í hægri eyra er ca 1 cm langt skorið (sic) og stendur brjósk út úr sárinu. Í öllum þessum sárum er talsvert af smá glerbrotum. Mikil eymsli og mar frá hægri öxl og niður á miðjan upphandlegg utanvert. Á hægri hné er marið sár og eymsli. Marblettir á báðum augnakrökum innanvert, ein í conjunctura medialt beggja vegna. Sjúklingur kvartar um rígi í hálsi og stirðleik út í báðar axlir. Hreinsaði ég upp sárin og gerði að þeim. Voru sár hans sæmilega gróin, er ég tók burt síðustu umbúðir þann 10. maí 1952. Sjúklingur var algerlega óvinnufær og var að mestu leyti rúmliggjandi fram til 10. maí 1952. Sökum annríkis á skrifstofu sjúklings, leyfði ég honum að vinna hálfan daginn frá 12. maí 1952, enda þótt æskilegt hefði verið, að sjúklingur hvíldi sig lengur, þar sem hann hefur ekki nærri náð sér til fulls. Sjúklingur fær enn drunga í

höfuðið við léttu áreynslu og er slæmur af rígg í hálsi og út í herðar, ef hann situr við skriftir. Auk þessa hefur sjúklingur fengið talsvert tauga-áfall og hefur ekki jafnað sig til fulls enn.“

Samkvæmt vottorði Friðriks Einarssonar læknis, dags. 22. apríl s.l., urðu meiðsli Veru Jóhönnu Kreutzfeldt sem hér segir:

„20. apríl 1952, kl. rúmlega 20, var komið á handlæknisdeild Landsspítalans með sjúkling, sem sagður var heita Vera Kreutz, vera fædd 12. nóvember 1928 og eiga heima á Hábraut við Digranesveg.

Svo var skýrt, að sjúklingurinn hafi slasast, er tveir bílar óku saman uppi í Svínahrauni.

Sjúklingurinn kvartar um mikinn verk í hægri upphandlegg, einnig í höfði. Að öðru leyti er almennt ástand gott, sjúklingurinn er ekki sjokkeraður.

Við skoðun fannst brot á *hægra upphandleggsbeini*, nokkru neðan við mitt beinið.

Nokkrar smáskrámur fundust í andliti.

Dálítið stykki er kvarnað úr framtönn.

Handleggurinn var lagður í gibsumbúðir, og liggur sjúklingurinn á deildinni.“

Vera Jóhanna Kreutzfeldt lá 6 daga á Landsspítalanum.

Báðir bílarnir skemmdust mjög mikið. Skemmdirnar voru aðallega á hægra framenda bílanna. Af skemmdunum mátti ráða, að áreksturinn hefði orðið með þeim hætti, að hægra framhjól hvorrar bifreiðar hafi lent aðeins innan við hvort annað eða rekist beint framan á hvort annað, því að hægri stuðarahorn og frambretti beggja bifreiðanna voru brotin og beygluð.

Þykir nú hafa verið rakið nægilega allt, sem máli skiptir og upplýstzt hefur um aðdragandann að árekstrinum, um áreksturinn sjálfan og afleiðingar hans.

Framburðir manna þriggja, sem ákærði ók fram úr fyrir áreksturinn, hinar miklu skemmdir bílanna og framburður Gunnars Vigfússonar þykir að vísu allt benda til þess, að ákærði hafi ekið hraðar en lög heimila, en gegn eindreginni neitun ákærða sjálfs þykir varhugavert að telja sannað, að hann hafi ekið hraðar en 60 km miðað við klukkustundar akstur. Ber því að sýkna hann af þeim lið ákærunnar, er lýtur að broti ákærða á 2. mgr. 26. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941.

Af stöðu bifreiðanna eftir áreksturinn, farinu eftir hægra afturhjól bifreiðarinnar X 575 og glerbrotunum úr ljóskerum bílanna, er fundust á nyrðri vegarhelmingi, þykir mega ráða það, að áreksturinn hafi orðið á vinstri vegarhelmingi X 575, eins og Gunnar Vigfússon skýrði frá.

Ákærði hefur því eigi gætt þeirrar lögboðnu skyldu að aka á sínum vinstri vegarhelmingi og þar með gerzt brotlegur við 6. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 1941.

Áreksturinn bar að með svo skjótum hætti, að ákærði fékk ekkert aðgert til að forða árekstri. Það þykir ótvírætt benda til, að hann hafi

ekið of hratt, eins og á stóð, yfir hæðina, sem byrgði útsýn hans fram á veginn. Það hefur því brostið mjög á nauðsynlega aðgæzlu hjá ákærða.

Með þessum akstri sínum, og þar sem meiðsli hinna slösuðu reyndust eins alvarleg og raun bar vitni, hefur ákærði brotið gegn þeim öðrum lagagreinum, sem í ákæruskjali getur.

Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 og samkvæmt 219. gr. sömu laga, 38. gr. bifreiðalaga, 14. gr. umferðarlaga og 44. gr. lögreglusamþykktar fyrir Gullbringusýslu nr. 160 frá 1943, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga ber að svipta ákærða ökuréttindum í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Péturs Þorsteinssonar hdl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 600.00.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Kárason, sæti varðhaldi í 30 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Péturs Þorsteinssonar hdl., að upphæð kr. 600.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. janúar 1953.

Nr. 30/1950. **Ákærvaldið** (Einar Arnórsson)

gegn

Jónasi Þorbergssyni (Lárus Jóhannesson)

og

Jóni Alexanderssyni (Ólafur Þorgrímsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarmar Hæstaréttar.

Sýkna af ákæru um brot á lögum um iðju og iðnað og lögum um iðnaðarnám.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærðu í máli þessu er gefið það að sök, að þeir láti menn starfa á Viðgerðarstofu Ríkisútvarpsins, sem ekki hafa hlotið þá iðnmenntun og þau starfsréttindi, sem greinir í lögum nr.